

Ferðaskýrsla AGM 2014 í Vilnius

Mikil tilhlökkun ríkti í aðdraganda ferðarinnar. Ég fór ekki til Zambú 2013 en eins og allir vita sem byrja að fara í þessar ferðir, þá eru þær ávanabindandi. Ég var því komin í mikla AGM þörf. Margar okkar sem komu að norðan ferðuðumst suður saman í 12 manna bíl og gistum í Keflavík. Maðurinn minn var eini karlmaðurinn með í för og ég held að hann hafi bara verið sáttur við félagsskapinn ☺

Ferðin til Vilniusar gekk vel en við millilentum í Helsinki. Við komum á þriðjudagskvöldi og höfðum því allan miðvikudaginn til að skoða okkur um áður en aðalfjórið byrjaði. Við tókum úr okkur mesta verslunarhrollinn á miðvikudeginum og kíktum í „moll“. Við gistum á ráðstefnuhótelinu sem var mjög miðsvæðis og margir veitingastaðir í nágrenninu. Það er mjög ódýrt að fara út að borða í Vilnius og gæðin á mat almennt mjög góð.



Íslenski hópurinn fór inn á fulltrúaráðsfund á fimmtudeginum og kynnti ráðstefnuna okkar að ári. Okkur til halds og trausts höfðum við eiginmennina í hópnum sem voru kynntir svona: „Bring in the Vikings“. Þeir gáfu öllum Tópas skot sem var síðan skálað í að kynningu lokinni. Svo var líka sunginn afmælisöngurinn fyrir hana Lilju Guðrúnu okkar sem var fertug þennan dag.



Spennan magnaðist á fimmtudeginum þegar leið að opunarhátíð. Íslenski hópurinn var býsna stór og við vorum frekar áberandi. Í skróðgöngunni að lokinni opunarhátíð var augljóst að Litháar hugsa hlýtt til okkar Íslendinga, muna ennþá eftir því að við vorum fyrsta þjóðin til að viðurkenna sjálfstæði.

„Ísland!“ heyrðum við kallað trekk í trekk og einn einlægur aðdáandi sóttist eftir mynd af sér með okkur og þjóðfánann.



Opnunarpartýið var síðan haldið á stórum skemmtistað og er óhætt að segja að við Íslandingarnir áttum staðinn. Karlpeningurinn var ötull við það að biðja um óskalög (ok, það var eiginlega bara Einar) og þegar Jungle Drum kom ætlaði allt vitlaust að verða. Þrjúnuðu skotthúfurnar okkar voru líka ákaflega vinsælar og nokkrar okkar létu þær í skiptum fyrir sérkennilegar hvítar Hollenskar húfur. Við fundum fyrir miklum áhuga á ráðstefnunni okkar á næsta ári og Íslandsstemmingin var mjög áberandi þetta kvöld.



Aðalfundurinn, AGM, var síðan á föstudeginum. Á þessum fundi fara fram kosningar um breytingar á lögum samtakanna, frambjóðendur til embætta halda ræður og ný alheimsstjórn er kosin. Sömu leiðis er kosið um hvar halda eigi ráðstefnuna að þremur árum liðnum. Dönsku konurnar fögnuðu ákaft þegar ljóst var að ráðstefnan verði í Söndeborg 2017. Þær hafa undirbúið sig mjög vel og eru þegar komnar með styrki fyrir nánast öllum viðburðum. Við kynntum okkar ráðstefnu þarna líka og hvöttum allar konur til að mæta. Í fyrsta skiptið var kosið um lag fyrir samtökin og voru það Hollensku stelpurnar sem unnu þá kosningu. Einn af hápunktunum fannst mér að fylgjast með fulltrúa frá „Children of the dump“ taka við tæplega 50 þúsund Evra styrk frá LC konum, en hann komst hreinlega við af gleði.



Heimapartýin á föstudagskvöldinu fóru fram hér og þar um bæinn. Þar sem LC konur í Litháen eru fáar voru ekki nógu mörg einkaheimili fyrir alla, svo það var haldið eitt stórt party á veitingastað fyrir þær sem ekki komust á heimili. Ég var svo heppin að fá að koma heim til ritara ráðstefnunnar. Sú átti heima á 19. hæð og var útsýnið frábært. Við borðuðum mjög hefðbundinn Litháenskan mat og það kom harminikkuleikari til okkar sem lét okkur syngja og dansa. Á meðan á þessu stóð voru makarnir í brugghúsi þar sem þeir fengu að smakka á innlendum bjór (eins og þeir hafi ekki verið komnir af stað í bjórsmakkinu nú þegar ☺).



Á laugardeginum áttum við frí fram eftir degi og gátum notið þess að skoða okkur betur um. Við hjónin gengum um í miðbæ Vilnius, skoðuðum gamalt virki og fengum þar fræðslu um sjálfstæðisbaráttu Litháen. Það er einkennilegt til þess að hugsa hversu stutt er síðan að þessi barátta var háð. Veðrið var upp á sitt besta þennan dag og við gátum notið þess að borða góðan mat úti.



Galakvöldið var haldið rétt fyrir utan miðborgina í gömlu herrasetri. Umgjörðin var frábær og allir í sinu fínasta pússi. Eitthvað gekk okkur illa að taka hópmynd þetta kvöld, það vantaði alltaf einhverja á myndina. Okkur var raðað niður á borð og lenti ég mikið til með þeim á borði sem höfðu verið með mér í heimapartýinu kvöldinu áður. Til að rífa upp stemmninguna kom fram strákaband frá Litháen og voru þeir svo sannarlega með mjaðmahnykkina og tælandi augnaráðið á hreinu. Þeim tókst amk að lokka margar konur fram á dansgólfið í miðjum kvöldverði. Hildur Halldórs tók við keflinu sem næsti ráðstefnustjóri og var okkur afhent forlata skál sem síðar kom í ljós að var merkt Akureyri á botninum. Við erum ennþá að reyna að komast að því hvernig þessi skál komst til Vilnius. Við dönsuðum okkur sárfætt en höfðum samt orku í að syngja í rútnni á leiðinni heim.



Það var svo þreyttur en sæll hópur sem hélt heim á leið á sunnudeginum. Ferðin gekk ekki alveg klakklaust fyrir sig, vesen með flugið frá Helsinki og niðurfellt flug til Akureyrar. Sumir fóru heim akandi en við hjónin gistum nóttina í Reykjavík og flugum heim daginn eftir.

Ferðin var ógleymanleg í alla staði og nú er bara komið að því að vinna að næstu ráðstefnu.

OPEN YOUR HEART 2015!